



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð aðalfundar

*Haldinn í Orkugarði, Grensásvegi 9
miðvikudaginn 30. apríl 2014, kl. 13:00*

Bjarni Pálsson, formaður félagsins, opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.

Formaður gerði tillögu um Hildigunni H. Thorsteinsson sem fundarstjóra og Gústaf Adolf Skúlason sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Hildigunnur við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2013-2014.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.

Claus Ballzus, gjaldkeri félagsins, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2013. Árið 2013 var halli af rekstri félagsins sem nam kr. 207.545. Stafar það ekki síst af því að samþykktar styrkveitingar árána 2012 og 2013, til háskólanema til að sækja alþjóðlegar jarðhitaráðstefnur, komu báðir til greiðslu árið 2013. Eigið fé í árslok 2012 voru kr. 2.889.252. Reikningarnir voru samþykktir.

4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lágu engar tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 þar sem gert er ráð fyrir að veltan verði kr. 1.619.000 og tekjur umfram gjöld kr. 724.000. Stafar sá mismunur einkum af því að félagsgjöld árána 2013 og 2014 verða innheimt á árinu 2014. Var fjárhagsáætlunin samþykkt. Þá var samþykkt að félagsgjöld yrðu óbreytt frá fyrra ári, eða kr. 25.000 fyrir lögaðila, kr. 3.000 fyrir einstaklinga, en félagsaðild gjaldfrí fyrir einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri. Loks er félagsgjaldið kr. 1.000 fyrir námsmenn, en þar sem stjórn félagsins hefur ekki fulla yfirsýn yfir þá stöðu verða þeir sem eru í námi að óska eftir að innheimta fyrir félagsgjald kr. 3.000 verði lækkuð í kr. 1.000.

6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Á aðalfundi 2012 var Bjarni Pálsson kjörinn formaður til tveggja ára. Hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs til formennsku né í stjórn. Þá var útrunnið kjörtímabil þeirra Gústafs Adolfs Skúlasonar, Kristínar Völu Matthíasdóttur og Magnúsar Þór Jónssonar í stjórn. Kristín Vala gaf kost á sér til formennsku, Magnús Þór gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en Gústaf ekki. Þá gáfu kost á sér til stjórnarmennsku þeir

Egill Júlíusson og Sigurjón N. Kjærnested. Önnur framboð til stjórnar bárust ekki á fundinum. Kristín Vala var kjörin formaður með lófataki og til stjórnarsetu næstu tvö árin voru jafnframt kjörin – með lófataki – þeir Egill Júlíusson, Magnús Þór Jónsson og Sigurjón N. Kjærnested. Áfram sitja enn fremur í stjórn, kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2013, þau Claus Ballzus, Hildigunnur H. Thorsteinsson og Magnús Ólafsson. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson kosnir – með lófataki – til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

7. Upplýsingar um inngöngu nýrra félaga.

Frá síðasta aðalfundi hafa þrettán einstaklingar gerst aðilar að félaginu. Þeir eru:

Aðalsteinn Möller, Verkís

Anett Blischke, ÍSOR

Bjarni Már Júlíusson, Orku náttúrunnar

Davíð Stefánsson, Reykjavík Geothermal

Einar Jón Ásbjörnsson, Háskólinn í Reykjavík / ÍSOR

Guðjón Eyjólfur Ólafsson, EFLA

Sigrún Gunnarsdóttir, ÍSOR

Sigrún Nanna Karlsdóttir, Háskóli Íslands

Sigurjón Norberg Kjærnested, Samorka

Stefán H. Steindórsson, Norðurorka

Thecla Munanie Mutia, UNU

Viktoría Gísladóttir, University of California

Vilhjálmur Guðmundsson, Enorca

Engir nýir lögaðilar bættust í hóp félagsaðila á starfsárinu.

8. Önnur mál.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu fráfarandi stjórnar að Sverrir Þórhallsson yrði kjörinn heiðursfélagi í Jarðhitafélagi Íslands. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Að aðalfundi loknum var vorfundur félagsins haldinn á sama stað, þar sem fjallað var um ferilefnaprófanir í jarðhitanytingu.

Gögn aðalfundarins og erindi vorfundarins má nálgast á vef félagsins, www.jardhitafelag.is.

Aðalfundi var slitið kl. 13:35.

sign.

Hildigunnur H. Thorsteinsson, fundarstjóri

sign.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari